

# LÚS, NJÁLGUR OG KLÁÐAMAUR Á MEÐGÖNGU

## ICD-10 greiningar:

B85.0 Lúsakvilli; flatlúsakvilli

B80 Njálgsýki

B86 Maurakláði

## HÖFUÐLÚS (OG FLATLÚS)

Sjá leiðbeiningar á Heilsuveru: [Höfuðlús | Heilsuvera](#).

Við höfuðlús þarf að **kemba** hárið reglulega. Fyrir barnshafandi konur má t.d. mæla með Hedrin®, sem er ekki lyf. Það frásogast ekki, er silicon efni (dimeticon og cyclometicon) sem hjúpar lúsina og gerir út af við hana. Borið í þurrt hár og mikilvægt er að fara eftir leiðbeiningum.

Margvísleg efni og lyf eru á markaði við höfuðlús og mikilvægt fyrir barnshafandi konur að fá góðar upplýsingar í lyfjabúðum ef önnur efni eru notuð.

## NJÁLGUR

Sjá leiðbeiningar á Heilsuveru: [Njálgur | Heilsuvera](#)

Vermox® (mebendazol) er í flokki B:3 skv. FASS og hefur ekki verið hreinsað af grun um fósturskemmandi verkun og ætti því að sýna varúð við notkun þess á 1. þriðjungi meðgöngu. Hefðbundnir skammtar sem notaðir eru við njálg hafa þó líklega ekki áhrif á fóstur en lyfið ætti að nota með varúð á meðgöngu og eingöngu ef konan er með njálg.

Óvíst er hvort lyfið berist í brjóstamjólk. Ekki er ástæða til að hætta brjóstagjöf þurfi konan á lyfinu að halda.

## KLÁÐAMAUR

Sjá leiðbeiningar á Heilsuveru: [Kláðamaur | Heilsuvera](#)

Tenutex® (bensylbensoat og disulfiram) er eina virka lyfið á markaði gegn kláðamaur (scabies).

Það er ekki er mikil reynsla af notkun þess á meðgöngu og því lítið vitað um áhrif þess á fóstur. Því er sjálfsagt að forðast að nota það á fyrsta þriðjungi meðgöngu ef hægt er að fresta meðferð. Ekki þykir samt ástæða til að hafa áhyggjur hafi það verið notað snemma í þungun.